

## Breytingartillaga

### við frumvarp til laga um Mennta- og skóláþjónustustofu.

Frá Berglindi Ósk Guðmundsdóttur.

- Í stað e-liðar 1. mgr. 5. gr. komi tveir nýir stafliðir, e- og f-liður, svohljóðandi:
  - sjá um innkaup á vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum á margs konar formi og styðja við notkun þeirra í skólum, m.a. með ráðgjöf, leiðsögn, námskeiðum og útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis,
  - sjá skólum fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum á margs konar formi sem þörf er á og ekki fást aðkeypt.
3. málsli. a-liðar 4. tölul. 10. gr. orðist svo: Námsgögn sem eru keypt eða eftir atvikum gefin út samkvæmt þessari grein skulu vera á margs konar formi og taka mið af bestu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða og aðalnámskráa.

#### Greinargerð.

Í tillögu þessari er lagt til að útgáfa námsgagna á grunnskólastigi verði færð almennum bókaútfendum. Markmiðið með tillögunni er að auka fjölbreytileika og nýsköpun við útgáfu námsgagna sem notuð eru við kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins, mæta breyttum aðstæðum í íslensku samfélagi, gera almennum bókaútfendum kleift að hefja samkeppnisrekstur um útgáfu námsgagna og færa fyrirkomulagið nær því sem tíðkast í löndunum í kringum okkur.